

## Æskulýðsnefnd Sleipnis



## ÁRSSKÝRSLA 2015

## Starfið 2015

Í nefndinni eru:

Sigríður M. Björgvinsdóttir, formaður

Anna Rúnarsdóttir, gjaldkeri

Sigurvaldi R. Hafsteinsson, umsjón námskeiða

Ólöf Ósk Magnúsdóttir

Skúli Sigurbergsson

Steindór Guðmundsson

Guðlaug Bára Sigurjónsdóttir

Aldís Pálsdóttir



**Kynningarfundur á námskeiðum og dagskrá** var haldinn 14. Janúar og var þokkaleg mæting. Formaður kynnti dagskrá og fór yfir þau námskeið sem í boði yrðu 2015. Næst tóku við kynningar reiðkennara á hverju námskeiði fyrir sig en eftir kynningar svöruðu reiðkennarar spurningum og fyrirspurnum vegna námskeiða.

Reiðkennarar á staðnum voru Rósa Birna Þorvaldsdóttir sem kynnti Póló námskeið og knapamerki, Bjarni Sveinsson kynnti Trek og gangtegunda námskeið og Páll Bragi Hólmarsson kynnti polla og leikjanámskeið í fjarveru Huguínu Jóhannsdóttur. Að því loknu var boðið upp



á kaffi og meðlæti. Í hönd fór skráning á námskeiðin sem fór fram á netinu gegnum Sportfeng, uppröðun á lista og uppsetning hópa. Námskeið hófust 19. janúar en farið var af stað með námskeið í gangtegundum og TREC sem kennt var af Bjarna Sveinssyni. Tveir hópar ungra reiðmanna (polla) og byrjenda voru á námskeiði hjá Huguínu Jóhannsdóttur.

Alls voru á námskeiðum rúmlega 40

þátttakendur í vetur en nokkrir sóttu fleiri en eitt námskeið.

Námskeiðin fóru vel af stað og góður andi skapaðist kringum kaffiveitingar sem nefndin hefur haft í boði fyrir þátttakendur og aðstandendur á námskeiðunum. Skapast hefur hefð fyrir því að bjóða upp á 10 og 15 vikna námskeið. Í lok 10 vikna námskeiða er tekið hlé yfir páska meðan æft er fyrir Hestafjör en eftir það halda 15 vikna námskeiðin áfram auk þess sem farið er af stað með 5 vikna vornámskeið. Kennsla fór fram í reiðhöll Sleipnis á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum frá kl. 18 – 22.



**Veitingasala** Æskulýðsnefndar var með kaffi og meðlætissölu á öllum vetrarmótunum og flestum öðrum mótum Sleipnis og Skeiðfélagsins auk kynbótasýningar, til fjáröflunar fyrir æskulýðsstarfið. Nefndin sá um fánareid 17. Júní og 1. Maí eins og fyrri ár ásamt því að teyma undir börnum á ofangreindum dagsetningum, einnig var teymt undir börnum á bæjar hátíðinni Vor í Árborg.

### Hestafjör 19.apríl 2015

Skráning á Hestafjör 2015 hófst 16. mars en æfingar hófust 26. mars og var skráning góð eins og fyrri ár. Alls skráðu sig 42 börn og unglingar frá Sleipni. Öllum félögum á Suðurlandi, frá Þorlákshöfn að Kirkjubæjarklaustri er boðin þátttaka í Hestafjöri á ári hverju. Hópar komu frá Ljuf í Hveragerði, Háfeta í Þorlákshöfn auk tveggja hópa frá Sindra í Vík. Dagskráin var skipulögð þannig að þátttakendur í sýningunni höfðu tækifæri til að sjá önnur atriði.



Undirbúningur byrjaði á laugardeginum við að gera reiðhöllina tilbúna og var haldin generaprufa fyrir hópana. Sunnudagurinn byrjaði snemma við undirbúning og æfðu gestafélögin í reiðhöllinni á sunnudagsmorguninn. Eftir æfingar sem stóðu fram til hádegis var pizza hlaðborð í Hliðskjálfi fyrir þátttakendur og forráðamenn þar sem húsfyllir var. Hátíðin hófst kl. 14 og stóð yfir í rúmar tvær klukkustundir. Fjöldmennir var af áhorfendum sem aldrei fyrr en um fjögur hundruð áhorfendur voru á staðnum þegar flest var. Að lokinni hátíðinni var þátttakendum boðið til pylsupartýs í félagsheimilinu.

Sýningin hófst með harmonikkuspili snillinganna okkar í Sleipni, Þórðar Þorsteinssonar og Birgis Hartmannssonar. Kjartan Ólafsson varaformaður Sleipnis setti hátíðina og í kjölfarið komu sýningarhóparnir fram hver á fætur öðrum.

Leynigesturinn í ár var Aníta Margrét Aradóttir Mongólíufari en hún mætti í sama búning og hún notaði í Mongólíukappreiðunum Mongol Derby. Aníta reið um á stóðhestinum Dökkva frá Ingólfshvoli og sagði frá reynslu sinni. Eftir sýninguna gátu sýningargestir fengið eintak af bók Anítu í boði hennar og þökkum við henni kærlega fyrir. Súsanna Ólafsdóttir



mætti með hestasirkus frá Herði í Mosfellsbæ, frábært atriði hjá þeim. Eftir



hlé mætti hinn eini sanni Ingó Veðurguð og hélt uppi miklu fjöri með því að virkja gesti með sér í söng og dansi. FSU sýndi atriði frá



hestabraut skólans. Eftir sýninguna var sýningarhópum boðið í pylsuveislu í boði SS í félagsheimilinu ásamt forráðamönnum og öðrum sem að sýningunni komu.

Þátttakendum var boðið að geyma hesta sína yfir nótt í hesthúsi sem Íslandsbanki lánaði nefndinni. Aðrir styrktaraðilar voru Villi í Litlu Tungu sem lagði til hey, Spónn sem lagði til spænis, Almar bakari studdi að venju myndarlega við með því að

leggja til bakkelsi og O.Johnson & Kaaber / Mustad lagði okkur til kaffi eftir þörfum. Einnig ber að nefna Lögmenn Suðurlandi, Toyota, Jötunn Vélar, Baldvin og Þorvaldur, Fagform og MS. Einnig lagði SS-Sláturfélag Suðurlands okkur til pylsur og meðlæti í pulsupartíð sem var að lokinni hátíðinni fyrir alla sem þátt tóku. Allir þátttakendur fengu Hestfjörðsboli í boði styrktaraðila.



pulur á Hestafjöri 2015 var Páll Bragi Hólmarsson, um hljóð og tæknimál sáu Guðmundur Bjarnason, Jónas Hreggviðsson og Ingólfur Arnar Þorvaldsson. Einar sá um að gestirnir í Suðurtröð 1 hefðu vatn til brynningar. Æskulýðsnefnd naut einnig aðstoðar og stuðnings foreldra og fleiri aðila við þetta skemmtilega verkefni sem hefur fest sig í sessi hjá félaginu.

**Fjölskyldudagur Sleipnis** var haldinn 27. apríl í framhaldi af Firmakeppni félagsins þriðja



árið í röð. Þar voru endurflutt sýningaratriði Sleipnis úr Hestafjörinu en með öðru sniði. Nú voru það foreldrar forráðamenn eða vinir þeirra barna er sýndu á Hestafjörinu sem sýndu atriði barnanna á sömu hrossum. Sýningar tókust vel og var mikið klappað fyrir foreldrunum. Þulur á fjölskyldudegi var Ragna Gunnarsóttir og var Æskulýðsnefnd í samvinnu við Húsnefnd með veitingasölu á staðnum. Tókst þetta vonum framar og skemmtilegt að snúa sýningunni svona við.

**Vornámskeið** ásamt seinni hluta lengri námskeiða vetrarins hófust í vikunni eftir Hestafjörið og var góð skráning á þau.

**Óvissuferð Æskulýðsnefndar 2014** var farin laugardaginn 30. maí í ár. Þátttaka var góð og fylltum við 50 manna rútu sem var fengin frá Guðmundi Tyrfingssyni. Lagt var af stað um morguninn og byrjað á morgunhressingu og leikjum í Þingborg á Fjöri í Flóa. Þar spreyttu börn og fullorðnir sig í glímu, prófuðu hoppukastala, versluðu bækur og handverk ásamt því að skoða traktora og allskyns tæki sem voru til sýnis á staðnum. Kvenfélagskonur buðu upp á morgunmat fyrir alla og var gott að byrja daginn á hressingu. Næsti viðkomustaður hópsins var sundlaugin í Þorlákshöfn þar sem tekið var á því í lauginni í góða stund. Eftir sundið var hádegishressing í félagsheimili



Háfeta snædd til að hlaða batteríin enn frekar fyrir daginn. Næsta stopp var í fjörunni við Hafið Bláa þar sem hópurinn lék sér í fjöruborðinu um stund. Draugasafnið á Stokkseyri var svo næst á dagskránni og fóru flestir í gegnum draugahúsið þótt sumir vildu heldur skoða álfa og handverk á neðri hæð hússins. Næsti dagskrárliður var að skoða Rjórnabúið á Baugsstöðum í Flóa þar sem

lækur knúði skilvindu og búinn var til ostur. Þetta fannst mörgum skrítið en á safninu má lesa um innlegg og vinnsluna sem fram fór á staðnum.

Eftir Baugsstaði var stoppað á Syðri Gegnishólum þar sem Gangmyllan er starfrækt um hrossarækt Ketilsstaða og Syðri Gegnishóla. Þar tók Bergur Jónsson á móti hópnum og leiddi gegnum hesthús og fengum við að sjá vatnsgöngubretti í notkun þegar Vinátta frá Hellubæ var þjálfuð á brettinu. Hópurinn tók einn umgang í “Hlaup’á í skarðið” í reiðhöllinni en þennan dag var hvasst úti og fínt að geta leikið sér í skjóli. Dagskránni lauk í félagsheimilinu þar sem hópurinn snæddi saman grillaðar pylsur í lok skemmtilegs dags í leikjum og samveru.



### Danska verkefnið-WM Herning 2015:

Æskulýðsnefnd stofnaði árið 2013 til sambands við hestamannafélagið Skeifuna á Fjóni í Danmörku. Hugmyndin var að hópar frá hvoru landi myndu heimsækja hver annan og fara annars vegar á Landsmót 2014 og hins vegar á heimsmeistaramót 2015 saman. Úr varð að 13 danskar stúlkur á aldrinum 13-21 árs komu í fyrra ásamt tveimur fararstjórum frá Íslands-hestamannafélaginu Skeifan. Fyrirkomulagið var þannig að stúlkurnar gistu heima hjá þeim unglingum sem þátt tóku í verkefninu og dvöldu þær sem einn fjölskyldumeðlimur hjá hverri fjölskyldu meðan á heimsókninni stóð. Sami háttur var hafður á í heimsókn okkar til Danmerkur í ár en þangað var flogið í beinu flugi til Billund þann 1. Ágúst og er skemmst frá því að segja að verkefnið í heild tókst mjög vel. Tilgangur svona verkefnis er að koma á tengslum milli unglinga í Íslands-hestamennskunni erlendis og íslenskra unglinga sem stunda hestamennsku. Heldur hafði fækkað í íslenska hópnum í ár og einhverjar breytingar urðu jafnframt á danska hópnum en öllu var þó púslað saman þannig að allir gátu vel við unað. Þeir sem fóru í ferðina voru:



Fararstjórar úr æskulýðsnefnd: Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, og Aldís Pálsdóttir.

Þátttakendur: Sigga Óla, Vilborg og Styrmir Jónsbörn, Daníel Sindri Sverrisson, Katrín Eva Grétarsdóttir, Kolbrún Katla Jónsdóttir, Kolbrún Björk Ágústsdóttir, Sólveig Ágústa Ágústsdóttir og Marta Valdís Reykdal. Nokkrir af foreldrum þátttakenda voru með okkur á mótinu og höfðu fengið sæti á sama stað í stúkunn.

Dagskráin meðan á heimsókninni stóð var eftirfarandi:

**1. ágúst laugardagur:** Flogið var til Billund með hópinn þar sem tóku á móti okkur



fararstjórar fyrra árs ásamt nokkrum foreldrum til að aka hópnum til Den Fynske Landsby sem er safn með þorpi frá tíð H.C. Andersens í Odense. Þarna hittust allir og fóru gegnum garða og skoðuðu þorpið, einnig var hægt að fá far með hestvagni. Næst var ákveðið hverjir myndu fara heim með hvaða fjölskyldu en sumir höfðu ákveðið það löngu fyrr enda samband í gangi milli krakkanna frá heimsókninni í fyrra. Allir fóru snemma í háttinn þetta kvöld enda langur dagur að baki því flugið var snemma um morguninn.

**2. ágúst sunnudagur:**

Þessum degi eyddum við öll með okkar dönsku gestgjöfum hver um sig. Sumir fóru á



baðströnd, í sólbað, skoðunarferðir til nærliggjandi staða og heimsóknir. Margir fóru út að borða.

**3. ágúst mánudagur:**

Þennan dag fór allur hópurinn saman í reiðtúr í gegnum skógarstíga og akra. Notast var að hluta við hross úr hestaleigunni Ostrup Turridning sem Dorthe Mehr og John Flint reka því fjölskyldurnar áttu ekki nógu

marga hesta fyrir allan hópinn. Það kom á óvart að allir fengu góða hesta. Léttustu

knaparnir voru settir á fimm vetra hrossin sem voru þrjú. Riðið var meðfram vegi til að byrja með en síðan gegnum skóg og meðfram túnum þar sem voru nautgripir á beit. Í áningu var hópnum skipt í tvennt þar sem annar hópurinn ætlaði að ríða stökk á túninu en hinn að halda áfram reið gegnum skóginn. Hóparnir hittust svo í nestisstoppi við læk og þangað komu jafnframt þeir foreldrar sem ekki riðu með.



Á leið til baka var hópnum aftur skipt í tvo hópa hluta leiðarinnar, þá sem vildu hleypa og hina sem vildu fara hægar gegnum skógin. Reiðtúrinn var um 20 km. hringur og um margt óvenjulegur reiðtúr fyrir Íslendinga. Eftir reiðtúrinn færðum við dönsku gestgjöfunum okkar bókina hennar Anítu Margrétar Atladóttur um Mongólíu kappreiðarnar þar sem riðnir eru 1000 km. á 10 dögum og er gríðarlegt þrekvirkni ásamt því að vera taldar hættulegustu kappreiðar í heimi. Jafnframt gáfum við þeim öllum gjafabréf fyrir vettlingum og eyrnabandi sem þær gátu valið sér í sölubás Frú Pálínu á mótinu í Herning. Eftir reiðtúrinn fóru allir heim með sinni fjölskyldu.



**4. ágúst: Þriðjudagur:** Þessi dagur var ekki síðri en sá á undan, við fórum öll saman í svokallaðan Gorilla park, garð þar sem settar hafa verið upp línur um allan skóg til að nýta til klifurs og til að renna sér eftir um allan garð. Byrjað var með því að kynna öryggisbúnaðinn fyrir öllum og við látnir fara gegnum brautir á jörðu niðri til að læra að festa og leysa öryggisbúnaðinn. Við vorum alltaf föst í einni línu og þurftum að færa búnaðinn milli lína meðan við fórum í gegnum hverja braut fyrir sig. Þarna eyddum við deginum í að fara gegnum hverja klifurbrautina á fætur annarri. Við tókum nestishlé um miðjan dag en héldum svo áfram þar til allir voru búnir að þjóta nægju sína um eftir línunum sem voru í allt að 28 metra hæð. Allir voru sammála um að þessi dagur hefði verið mjög skemmtilegur og að margir lofthæddir sigruðust á hræðslunni 😊



**5. ágúst miðvikudagur- 9. ágúst sunnudagur:** Haldið af stað til Herning og tjaldbúðir reistar á staðnum. Danski hluti hópsins var allur skráður sem sjálfboðaliðar á mótinu svo þau voru staðsett á öðrum stað á mótinu en við hittumst á kvöldin og stundum komu þær í stúkuna til okkar að



fylgjast með. Eins og allir vita var þetta sigursælt mót fyrir okkur íslendinga



og margar góðar sýningar í boði. Mótssvæðið var enda til fyrirmyndar, öll

aðstaða og aðbúnaður góður. Dagskráin var með mörgum stuttum hléum sem nýttust til að næra sig, kíkja í búðir og á klósett. Risa tjald var við enda brautarinnar þar sem sölubásar voru inni og fyrir utan við annan endann. Til hliðar og á leið úr sölutjaldinu voru veitingasölur með fjölbreyttar veitingar í boði. Á kvöldin var boðið upp á hljómsveitir og dans ýmist úti eða inni og litum við á þá tónleika sem í boði voru úti. Kvöldvaka var haldin við tjöldin okkar og komu þá dönsku stelpurnar með fararstjórunum sínum og þeim foreldrum þeirra sem voru líka sjálfboðaliðar á svæðinu. Í boði var sælgæti og gos ásamt söng og gítarspili sem er frekar sjaldgæft hjá



dönnum en okkur íslendingum finnst sjálfsagt og sungum við nokkur lög fyrir þær áður en danski hlutinn áræddi að syngja fyrir okkur. Við fengum lánað grill til að elda þegar skyndifæðið var orðið þreytt en við fórum tvær ferðir með strætó til Herning að versla morgunmat og kvöldmat. Annað var verslað í veitingatjöldunum.

Þegar móti lauk þann 9. ágúst hélt hópurinn af stað til Klingsbjerg sem var gistaður flestra það sem eftir lifði ferðar.

Kolbrún Björk, Sólveig Ágústa og Kolbrún Katla voru með foreldrum sínum í bústað í grennd við mótssvæðið en aðrir héldu til Klingsbjerg ásamt foreldrum Katrínar Evu og ömmu og afa Daníels sem öll höfðu verið á mótinu. Um er að ræða gamlan herragarð sem hefur verið breytt í ferðapjónustu. Staðurinn er mjög fallegur og óhætt að mæla með honum þegar ferðast er um svæðið. Um kvöldið fórum við á Pizza stað í þorpinu við Klingsbjerg og fengum okkur kvöldmat en þangað er passlegt göngufæri.

**10. ágúst mánudagur:** Í dag fórum við í Legoland skemmtigarðinn með strætó og



eyddum þar öllum deginum. Auðvelt er að fara til allra átta með strætó frá frá Klingsbjerg með strætó. Legoland garðurinn er mjög stór og margt hægt að bralla enda fór svo að við vorum þar lengur en



áætlað var og sumir voru til í að vera ennþá lengur. Um kvöldið var eldað saman og átti hópurinn skemmtilegt kvöld saman.

**11. ágúst þriðjudagur:** Þennan dag var farið í verslunarferð til Vejle og fór dagurinn í búðarráp og tilheyrandi. Um kvöldið fór gestgjafinn að kveikja varðeld og færa okkur deig til að baka brauðlengjur í eldinum en það er oft gert á þessum slóðum og þótti okkar fólki gaman að.

**12. ágúst miðvikudagur:** Heimferð til Íslands var verkefni dagsins. Hópurinn tók strætó á flugvöllinn og flaug heim frá Billund.



**Uppskeruhátíð æskulýðsnefndar** var haldin í Hlíðskjálf 15. október 2015 þar sem afhent voru skírteini vegna námsскеiða ársins. Um 40 manns mættu á uppskeruhátíðina.

Hugrún Jóhannsdóttir reiðkennari afhenti viðurkenningar fyrir þátttöku á Pollanámskeiði



ásamt námskeiðinu Leikir og þrautir. Bjarni Sveinsson reiðkennari var ekki á staðnum og afhenti formaður nefndarinnar nemendum hans viðurkenningar fyrir þátttöku á Trek, gangtegunda og keppnisnámskeiðum. Á uppskeruhátíðina mæta börn og fullorðnir til að gleðjast saman yfir góðu starfi og samveru á árinu og til að leggja á ráðin um dagskrá næsta

árs. Æskulýðsnefndin nýtir þetta tækifæri til að kalla eftir hugmyndum og tillögum sem miða að því að bæta starfið ásamt því að kynna væntanlega dagskrá komandi tímabils. Allir þátttakendur mættu með veitingar á sameiginlegt veisluborð en Æskulýðsnefndin sá um drykki, kaffi og gos en í lok dagskrár njóta viðstaddir veitinganna saman yfir fjörugum umræðum um fyrirhugaða dagskrá og önnur mál.

### Öflugur stuðningur við starfið

Mikið starf var unnið á árinu og lögðu margir hönd á plóginn auk nefndarmanna. Óli Pétur Gunnarsson sem sá um að allir hópar kæmust inn og út úr höllinni á réttum tíma í Hestafjörinu sem og öðrum viðburðum þar. Óli Pétur var jafnframt burðarás við að teyma undir börnum sem og að halda utanum og skipuleggja fánaberana við hin ýmsu tækifæri s.s. 1. maí, 17. júní og á Vor í Árborg. Ingvar Jónasson sá um að reiðhöllin væri hrein og fín í hverri viku fyrir námskeiðahaldið og alla viðburði aðra auk þess sem hann vökvaði hallargólfíð fyrir námskeið og viðburði til að ekki væri ryk að trufla þátttakendur né áhorfendur. Arnar Bjarnason var okkur alltaf innan handar þegar á þurfti að halda. Haraldur Rúnarsson var duglegur í að teyma með okkur undir börnum. Böðmóðsstaðabúið gaf okkur bjúgu til að selja til styrktar ferðinni til Herning. Ómissandi tæknimaður Sleipnis er Guðmundur Bjarnason, harmonikkuleikararnir flinku þeir Þórður Þorsteinsson og Birgir Hartmannsson hafa jafnan stutt okkur með því að spila á Hestafjörinu og marga fleiri væri hægt að nefna.

Það er gæfa æskulýðsstarfsins hve félagsmenn eru öflugir að hjálpa til þegar eftir því er leitað og kunnum við þeim öllum kærar þakkir fyrir samstarfið á árinu.

Þau fyrirtæki sem hafa stutt starfið hafa gert það með myndarskap og hlýhug, erfitt væri að hafa starfið jafn öflugt og raun ber vitni án þeirra. Við sendum þeim okkar bestu þakkir fyrir stuðninginn með von um áframhald á þeim vettvangi

## Helstu stuðningsaðilar Æskulýðsnefndar 2015

**Almar Bakari  
Selfossi**

  
**LÖGMENN**  
SUÐURLANDI

**MJÓLKURSAMSALAN**  


**ÓJ&K**  
Ó. Johnson & Kaaber ehf



**MUSTAD**  
FOR THE BETTER OF THE HORSE

 *fremstir  
fyrir bragðið*



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

  
**FAGFORM.IS**

 **JÖTUNN**  
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

 **Flóahreppur**

 **SPÓNN**  
*Fengur til framtíðar*

  
BALDVIN OG ÞORVALDUR  
SELFOSSI

Gæða hey frá  
Villa í Litlu-Tungu

**SJÓVÁ**



**TOYOTA  
SELFOSSI**